

## AUGLÝSING

**um breytingu auglýsingar um takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi, nr. 779/2005.**

1. gr.

2. ml. 1. mgr. 8. gr. orðast svo:

Framangreind takmörkun verður endurskoðuð eigi sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Valla 4. áfanga, Fléttuvellir 6, Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar þann 16. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 4. áfanga, Fléttuvellir 6. Breytingin felst í að lóðin Fléttuvellir 6 er stækkuð um 1,5 metra til austurs og byggingarreiturinn lengdur um 1,5 metra til austurs. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 7. desember 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005